

Fimmtudaginn 24. janúar 2013.

**Landsbankinn hf.**

(Stefán Geir Þórisson hrl.)

Nr. 10/2013.

**gegn**

**Flugastraumi ehf.**

(enginn)

Kærumál. EFTA-dómstóllinn. Ráðgefandi álit.

*Kærður var úrskurður héraðsdóms þar sem hafnað var kröfu L hf. um að leita ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins í tengslum við mál sem F ehf. hafði höfðað gegn L hf. vegna svokallaðs fjármögnunarleigusamnings milli aðila. Í dómi Hæstaréttar kom fram að ekki væri nauðsynlegt að leita svara EFTA-dómstólsins við spurningu er laut að því hvernig skýra bæri hugtökin fjármögnunarleiga og fjármögnunarleigusamningur í skilningi Evrópuréttar. Vísað var til þess að héraðsdómari hefði metið það svo að nægileg leiðsögn fælist í tilteknum dómum Hæstaréttar til að komast að niðurstöðu um ágreiningsefni aðila um samning þeirra. Tvær spurningar L hf. lutu að því hvort bann laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu við því að binda skuldbindingar í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla bryti í bága við 36. og 40. gr. EES-samningsins. Ekki var talin þörf á að bera spurningarnar undir EFTA-dómstóllinn, enda stæðu umrædd ákvæði laga nr. 38/2001 óbreytt frá því að Hæstiréttur hafði kveðið upp dóm þar sem kveðið var á um umrætt bann við gengistryggingu lána í íslenskum krónum. Loks var ekki falið á að bera fram spurningu er laut að því hvort bókun 35 við EES-samninginn hefði verið réttilega innleidd í íslenskan rétt. Vísað var til niðurstöðu dómsins um spurningar þrjú og fjögur sem og að niðurstaða máls sem rekið væri milli tveggja lögaðila réðist af íslenskum réttarreglum. Loks var í dómi Hæstaréttar tekið fram að rétt væri að líta til þess að samkvæmt 31. gr. samnings um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls skyldi ESA, ef stofnunin teldi EFTA-ríki ekki hafa staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt EES-samningnum eða samningnum um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, leggja fram rökstutt álit, og eftir atvikum vísað málinu til EFTA-dómstólsins. Var niðurstaða héraðsdóms því staðfest.*

#### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramir Gunnlaugur Claessen, Benedikt Bogason og Þorgeir Örlygsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 28. desember 2012 sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 7. janúar 2013. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 19. desember 2012 þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um að leita ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins. Kæruheimild er í 3. mgr. 1. gr. laga nr. 21/1994 um öflun álits EFTA- dómstólsins um skýringu samnings um Evrópska efnahagssvæðið. Sóknaraðili krefst þess að leitað verði ráðgefandi álits og nánar tilteknar spurningar lagðar fyrir EFTA-dómstóllinn.

Varnaraðili lætur málið ekki til sín taka fyrir Hæstarétti.

I

Ágreiningur málsaðila á rætur að rekja til samnings þeirra 11. júlí 2006 sem nánar er lýst í hinum kærða úrskurði. Kröfu sína á hendur sóknaraðila reisir varnaraðili á því að umræddur samningur hafi að efni til verið samningur um peningalán í íslenskum krónum sem taka skyldi breytingum eftir gengi nánar tilgreindra fjögurra erlendra gjaldmiðla. Slík gengistrygging fari í bága við ákvæði 13. gr. og 14. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og séu samningsákvæði þar að lútandi ógild og því óskuldbindandi fyrir varnaraðila og vísar hann í því sambandi meðal annars til dóms Hæstaréttar 16. júní 2010 í máli nr. 92/2010. Af því leiði að sóknaraðila beri að endurgreiða varnaraðila þá fjárhæð sem hinn síðarnefndi hafi ofgreitt vegna hinnar ólögættu gengistryggingar. Varnir sínar gegn endurgreiðslukröfunni reisir sóknaraðili á hinn bóginn á því að samningur aðila sé leigusamningur en ekki lánessamningur. Því hafi verið heimilt að gengistryggja greiðslurnar, enda falli leigusamningar ekki undir ákvæði VI. kafla laga nr. 38/2001. Það sé meginregla leiguréttar að aðilum leigusamnings sé frjálst að semja um fjárhæð leigu og hvort og þá með hvaða hætti hún skuli breytast á leigutímanum, sbr. meðal annars 37. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994. Vísar sóknaraðili þessu til stuðnings meðal annars til dóms Hæstaréttar 24. maí 2012 í máli nr. 652/2011.

Í greinargerð sóknaraðila í héraði kemur fram að hann telji full efni til að afla ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins um tiltekin álitaeefni sem á reyni í málinu. Í fyrsta lagi um það ágreiningsefni hvort samningur aðila teljist fjármögnunarleigusamningur í skilningi reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003/EB frá 29. september 2003, tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB frá 14. júní 2006 og tilskipunar ráðsins nr. 88/361/EBE frá 24. júní 1988. Þá telur sóknaraðili að bann 13. gr. og 14. gr. laga nr. 38/2001 sé andstætt ákvæðum 36. gr. og 40. gr. EES-samningsins. Því sé í öðru og þriðja lagi þörf á að leita álits EFTA-dómstólsins um það atriði svo réttur og nákvæmur skilningur fái á hinum tilgreindu ákvæðum EES-samningsins sem hafi lagagildi hér á landi. Fallist EFTA-dómstóllinn á með sóknaraðila að bann íslenskra laga við gengistryggingu fjárskuldbindinga fari í bága við ákvæði 36. gr. eða 40. gr. EES-samningsins telur hann í fjórða lagi að taka þurfi afstöðu til þess hvort hafi forgang hér á landi ákvæði laga nr. 38/2001 eða hin tilgreindu ákvæði EES-samningsins.

Af framangreindu tilefni gerði sóknaraðili undir rekstri málsins í héraði kröfu um að leitað yrði ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins um framangreind atriði og kom fram með tillögu að fjórum spurningum sem skyldu lagðar fyrir EFTA-dómstólinn. Varnaraðili andmælti ekki kröfu sóknaraðila um að leita ráðgefandi álits um framangreind atriði og með þeim hætti sem sóknaraðili lagði til. Með hinum kærða úrskurði var kröfu sóknaraðila um að leita ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins hafnað. Spurningar þær sem sóknaraðili vill að beint verði til EFTA-dómstólsins eru orðréttnar upp í hinum kærða úrskurði.

## II

Fyrsta spurningin, sem sóknaraðili vill að leitað verði ráðefandi álits um, lýtur að skýringu á hugtökunum fjármögnunarleiga og fjármögnunarleigusamningur í skilningi reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 1725/2003/EB, tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2006/48/EB og tilskipunar ráðsins nr. 88/361/EBE. Tengsl framangreindra tilskipana og reglugerða við íslenskan rétt og sjónarmið sóknaraðila um þörf þess að leita ráðgefandi álits um spurninguna eru ítarlega rakin í hinum kærða úrskurði.

Inntak fyrstu spurningarinnar er hvort samningur fjármálafyrirtækis og viðskiptamanns, um afnot hins síðarnefnda af tiltekinni eign í afmarkaðan tíma og gegn fyrir fram ákveðnum greiðslum, teljist ekki fela í sér fjármögnunarleigu fyrir þær sakir einar að viðskiptamaðurinn hafi í lok leigutíma val um það hvort hann kaupir hið leigða, leigi það áfram eða afli skuldbindandi tilboðs þriðja manns um kaup á því. Til grundvallar spurningunni liggur sá ágreiningur málsaðila hvort samningur þeirra er í skilningi íslenskra laga lánsamningur eða samningur um fjármögnunarleigu. Hæstiréttur hefur í nokkrum nýlegum dómum þegar tekið afstöðu til þess hvernig markalínan milli þessara tveggja samningstegunda verður dregin samkvæmt íslenskum rétti, sbr. dóma réttarins 16. júní 2010 í máli nr. 92/2010, 20. október 2011 í máli nr. 282/2011 og 24. maí 2012 í máli nr. 652/2011. Af forsendum úrskurðar héraðsdóms leiðir að héraðsdómari hefur metið það svo að nægileg leiðsögn felist í þessum dómum til þess að komast að niðurstöðu um ágreiningsefnið. Í ljósi atvika málsins eru ekki efni til að haggja við því mati héraðsdómara, og verður því staðfest sú niðurstaða hins kærða úrskurðar að hafna beiðni sóknaraðila um að leita ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins hvað fyrstu spurninguna varðar.

## III

Með annarri spurningunni vill sóknaraðili leita ráðgefandi álits um hvort ákvæði 13. gr. og 14. gr. laga nr. 38/2001, sem banna íslenskum fjármálafyrirtækjum að binda lán veitt í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla, séu andstæð 40. gr. EES-samningsins og tilskipun nr. 88/361/EBE. Að baki spurningunni býr sú afstaða sóknaraðila að verði það niðurstaða málsins að samningur aðila sé í raun lánsamningur og eigi samkvæmt því undir lög nr. 38/2001 stangist fyrrgreind ákvæði þeirra á við skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt EES-samningnum, sbr. lög nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið. Samkvæmt 40. gr. EES-samningsins skuli engin höft vera á milli samningsaðila á flutningi fjármagns í eigu þeirra sem búsettir séu í ríkjum sem aðild eiga að EES-samningnum. Jafnvel þótt lánveitingar í erlendum gjaldmiðlum séu ekki bannaðar á Íslandi séu líkur á að bann laga nr. 38/2001 við gengistryggingu lána í íslenskum krónum feli í sér höft eða takmörkun á flæði fjármagns milli Íslands og annarra EES-ríkja.

Sóknaraðili bendir í þessu sambandi einnig á formlegt erindi Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) til íslenskra stjórnvalda 19. apríl 2012. Þar sé því frumáliti stofnunarinnar lýst að íslenska ríkið hafi brotið gegn 40. gr. EES-samningsins með því að viðhalda banni við gengistryggingu lána sem veitt séu í íslenskum krónum. Málsókn ESA á hendur Íslandi fyrir EFTA-dómstólnum í framhaldi frumálitsins kunnir hins vegar að dragast á langinn og því sé æskilegt að eyða sem fyrst þeirri óvissu sem uppi sé með því að afla ráðgefandi álits í þessu máli. Eins og réttilega sé bent á í dómi Hæstaréttar 13. maí 2011 í máli nr. 225/2011 þurfi, svo ákvæði 40. gr. EES-samningsins geti komið til álita við úrlausn máls, að sýna fram á svokölluð milliríkjaáhrif (*cross border elements*). Í áðurgreindu frumáliti bendi ESA á að ekki sé gerð krafa um að sýnt sé fram á raunverulega takmarkandi áhrif þeirrar reglu sem talin sé andstæð EES-samningnum heldur nægi að reglan hafi hugsanlega þessi áhrif. Þótt margir samningar, sem falli undir bann við gengistryggingu, hafi ekki milliríkjaáhrif leiði það ekki til þess að regla 40. gr. EES-samningsins geti ekki komið til skoðunar í málinu, þar sem reglan hafi letjandi áhrif á íslenskar fjármálastofnanir til að fjármagna útlán í öðrum gjaldmiðlum en íslenskri krónu. Slík takmörkun hafi fyrst og fremst áhrif á samskipti íslenskra fjármálastofnana og hugsanlegra lánveitenda þeirra á Evrópska efnahagssvæðinu. Þetta sjónarmið komi einnig fram í 28. málsgrein í dómi EFTA-dómstólsins 14. júlí 2000 í máli E-1/00 og í dómi Evrópuþingsdómstólsins 16. mars 1999 í máli nr. C-222/97.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 2/1993 hefur meginmál EES-samningsins lagagildi hér á landi. Í 40. gr. hans segir að innan ramma ákvæða samningsins skuli engin höft vera milli samningsaðila á flutningi fjármagns í eigu þeirra sem búsettir eru í aðildarríkjum EB eða EFTA-ríkjum né nokkur mismunur, byggð á ríkisfangi eða búsetu aðila eða því hvar féð er notað til fjárfestingar. Í XII. viðauka séu nauðsynleg ákvæði varðandi framkvæmd þessarar greinar. Í 3. gr. laga nr. 2/1993 er mælt á þann veg að skýra skuli lög og reglur, að svo miklu leyti sem við á, til samræmis við EES-samninginn og þær reglur sem á honum byggja. Eins og greinir í dómi Hæstaréttar 9. desember 2010 í máli nr. 79/2010 tekur lögskýring samkvæmt 3. gr. laga nr. 2/1993 eðli máls samkvæmt til þess að orðum í íslenskum lögum verður svo sem framast er unnt gefin merking sem rúmast innan þeirra og næst kemst því að svara til sameiginlegra reglna sem gilda eiga á Evrópska efnahagssvæðinu. Slík lögskýring getur á hinn bóginn ekki leitt til þess að lítið verði fram hjá orðum íslenskra laga eins og í dómnum segir.

Í dómi Hæstaréttar 16. júní 2010 í máli nr. 92/2010 kemur fram að í orðum 13. gr. og 14. gr. laga nr. 38/2001 sé að sönnu ekkert rætt um bindingu lánsfjár í íslenskum krónum við gengi erlends gjaldmiðils. Af lögskýringargögnum sé þó ljóst að ætlun löggjafans hafi verið að fella niður heimildir til að binda skuldbindingar í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla og heimila einungis að þær yrðu verðtryggðar á þann hátt sem í 14. gr. laganna segir. Þá segir í dóminum að vilji löggjafans komi skýrlega fram í því að í orðum lagaákvæðanna sé eingöngu mælt fyrir um heimild til að beita tilteknum tegundum verðtryggingar, en þar sé ekkert rætt um þær tegundir sem óheimilt sé að beita. Lög nr. 38/2001 heimili ekki að lán í íslenskum krónum séu verðtryggð með því að binda þau við gengi erlendra gjaldmiðla. Loks er tekið fram í dóminum að reglur 13. gr. og 14. gr. laga nr. 38/2001 séu ófrávikjanlegar, sbr. 2. gr., og verði því ekki samið um grundvöll verðtryggingar sem ekki sé stoð fyrir í lögnum.

Ákvæði 13. gr. og 14. gr. laga nr. 38/2001 hafa staðið óbreytt frá því fyrrgreindur dómur Hæstaréttar í máli nr. 92/2010 var kveðinn upp 16. júní það ár. Hið fortakslausa bann laganna við því að binda skuldbindingar í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla stendur því enn óhaggað. Fram hjá þessu afdráttarlausu banni verður ekki litið og því ekki hliðrað til með skýringu samkvæmt 3. gr. laga nr. 2/1993. Gildir hið sama um þriðju spurninguna en hún lýtur að því hvort ákvæði 13. gr. og 14. gr. laga nr. 38/2001 séu ósamrýmanleg ákvæðum 36. gr. EES-samningsins. Samkvæmt þessu verður fallist á með héraðsdómi að ekki sé nauðsynlegt að afla álits EFTA-dómstólsins um aðra og þriðju spurninguna svo unnt sé að kveða upp dóm í málinu, en slík nauðsyn er forsenda þess að ráðgefandi álits verði aflað, sbr. 2. mgr. 34. gr. Samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

#### IV

Í fjórðu spurningunni óskar sóknaraðili svara EFTA-dómstólsins við því hvort það leiði af bókun 35 við EES-samninginn að dómstólum í EFTA-ríkjum, sem aðilar eru að EES-samningnum, beri að veita ákvæði í landsrétti sem innleiðir ákvæði 36. gr. og 40. gr. EES-samningsins forgang gagnvart öðru lagaákvæði ef ákvæðin eru ósamrýmanleg.

Í bókun 35 við EES-samninginn segir: „Vegna tilvika þar sem getur komið til árekstra á milli EES-reglna sem komnar eru til framkvæmdar og annarra settra laga, skuldbinda EFTA-ríkin sig til að setja, ef þörf krefur, lagaákvæði þess efnis að EES-reglur gildi í þeim tilvikum.“ Af athugasemdum í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 2/1993 má ráða að með 3. gr. laganna hafi ætlunin verið að innleiða framangreinda bókun við EES-samninginn. Í ákvæðinu kemur fram að skýra skuli lög og reglur, að svo miklu leyti sem við eigi, til samræmis við EES-samninginn og þær reglur sem á honum byggja. Í athugasemdum um ákvæðið segir að í því felist meðal annars að innlend lög sem eigi stoð í EES-samningnum verði jafnan túlkuð sem sérreglur laga gagnvart ósamrýmanlegum yngri lögum, að því leyti sem yngri lög víki þeim ekki ef þau stangast á, nema löggjafinn taki það sérstaklega fram.

Að baki fjórðu spurningunni býr sú afstaða sóknaraðila að komist EFTA-dómstóllinn að því að gengistryggingarbann íslenskra laga fari í bága við 36. gr. eða 40. gr. EES-samningsins, komi upp sú staða að taka þurfi afstöðu til þess hvort hafi forgang, ákvæði laga nr. 38/2001 sem leggi bann við gengistryggingu eða hin tilgreindu ákvæði meginmáls EES-samningsins sem hafi lagagildi hér á landi og leyfi slíka gengistryggingu. Vísar sóknaraðili til þess að ákvæði 36. gr. og 40. gr. EES-samningsins séu EES-reglur sem „komnar eru til framkvæmdar“ í skilningi bókunar 35. Efni 3. gr. laga nr. 2/1993, sem ætlað sé að innleiða efni bókunar 35, sé hins vegar óljóst og hugsanlega alls ekki nægilega skýrt orðað til að fullnægja þeim efnisreglum sem íslenska ríkinu sé ætlað að innleiða með bókuninni. Því leiki vafi á hvort bókun 35 við EES-samninginn hafi verið rétt innleidd í íslenskan rétt með ákvæðum 3. gr. laga nr. 2/1993.

Með vísan til þeirrar niðurstöðu sem komist er að í kafla III hér að framan um aðra og þriðju spurninguna verður ekki séð að svar EFTA-dómstólsins við fjórðu spurningunni geti haft sjálfstæða þýðingu fyrir úrlausn máls þessa, sem rekið er milli tveggja lögaðila, enda mun niðurstaða þess ráðast af íslenskum réttarreglum. Samkvæmt þessu verður staðfest sú niðurstaða hins kærða úrskurðar að hafna því að bera framangreinda spurningu upp við EFTA-dómstólinn.

Þá er rétt að líta til þess að samkvæmt 1. mgr. 31. gr. áðurnefnds samnings um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls skal ESA, ef stofnunin telur EFTA-ríki ekki hafa staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt EES-samningnum eða samningnum um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, leggja fram rökstutt álit sitt um málið, eftir að hafa gefið viðkomandi ríki tækifæri til að gera grein fyrir máli sínu, nema kveðið sé á um annað í síðargreinda samningnum. Í 2. mgr. 31. gr. þess samnings er síðan kveðið á um að breyti EFTA-ríki ekki í samræmi við álitid innan þess frests sem ESA setur getur stofnunin vísað málinu til EFTA-dómstólsins.

Samkvæmt öllu framansögðu verður staðfest sú niðurstaða hins kærða úrskurðar að hafna kröfu sóknaraðila um að leita ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins í málinu.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Mál þetta, var höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Flugstraumi ehf., Klettagerði 4, Akureyri, á hendur Landsbankanum hf., Austurstræti 11, Reykjavík, með stefnu áritaðri um birtingu 13. mars 2012.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 1.373.261 krónu, auk dráttarvaxta samkvæmt 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá 1. nóvember 2011 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Stefndi krafðist þess að aflað yrði ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins með heimild í lögum nr. 21/1994 um öflun álits EFTA-dómstólsins um skýringu samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Aðilum var gefinn kostur á að færa fram munnlegar athugasemdir sínar í þinghaldi hinn 13. nóvember sl., en að því loknu var krafa stefnanda tekin til úrskurðar.

Gætt var ákvæða 115. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, áður en úrskurður var kveðinn upp.

## II

Helstu málavextir eru þeir, að stefnandi samdi um kaup á dráttarvél hjá fyrirtækinu Sturlaugi & Co sumarið 2006. Umsamið kaupverð var 2.700.000 krónur, án virðisaukaskatts.

Til að fjármagna kaupin leitaði stefnandi til SP-fjármögnunar um lán til kaupanna. Hinn 11. júlí 2006 undirrituðu SP-fjármögnun og stefnandi samning, sem ber yfirskriftina „fjármögnunarleigusamningur“. Í yfirskrift samningsins nefnist SP-fjármögnun eigandi en stefnandi notandi. Segir enn fremur að samkomulagið sé um framsal á afnotarétti hlutar, (þ.e. dráttarvélar), sem nánar eru tilgreind í skjalinu.

Samningurinn skiptist í 8 aðalgreinar, sem sumar skiptast í undirgreinar.

Í 1. gr. samningsins segir, að samningurinn nái til nánar tilgreindrar dráttarvélar, samkvæmt reikningi, sem vísað er til og talinn fylgiskjal samningsins. Þá segir að seljandi/umboðsmaður sé Sturlaugur Jónsson & Co ehf. Að lokum segir í greininni að samningsveð án virðisaukaskatts sé 2.700.000 krónur.

Í 2. gr. samningsins segir að leigutíminn sé 60 mánuðir. Greinin skiptist síðan í A-, B-, C- og D-liði. A-liður kveður á um að áætlaður/umsaminn afhendingartími sé júlí 2006. Í B-lið segir síðan að frumleigutími, sbr. 1. mgr. 2. gr. sé frá afhendingu muna, sbr. 1. mgr. 3. gr. til og með 1. september 2011. C-liður kveður á um að frumleigutími hefjist eigi síðar en 1. september 2006. Í D-lið segir að hvert framlengingartímabil sé, sbr. 4. mgr. 2. gr., 12 mánuðir.

3. gr. samningsins kveður á um að notkunarstaður sé hvar sem er á Íslandi.

4. gr. samningsins fjallar um leigugjald. Í A-lið greinarinnar segir að leiga greidd við undirskrift sé 540.000 krónur, án virðisaukaskatts. B-liður greinarinnar kveður á um að leigugjaldið sé gengistryggt miðað við breytingar erlends gjaldmiðils eða á samsettum gjaldmiðlum gagnvart ísl. krónu. Í C-lið greinarinnar eru viðmiðunargjaldmiðlar tilgreindir. eru þar taldir upp fjórir gjaldmiðlar sem mynda myntkörfu og hlutföll þeirra, 20% svissneskir frankar, 40% evrur, 15% japönsk jen og 25% bandarískir dollarar. Í G-lið greinarinnar segir að libor-vextir myntkörfunnar séu við gildistöku samningsins 2,82%. H-liður kveður á um að verði samningurinn framlengdur að loknum frumleigutíma sé framlengingargjaldið fyrir hvert 12 mánaða tímabil 10% af árlægri leigu. Að lokum segir í I-lið greinarinnar að við hverja greiðslu bætist innheimtugjald, nú 450 krónur, eins og segir í greininni. Með fyrstu greiðslu sé innheimt þóknun vegna láns á virðisaukaskatti. Þá segir að ef kaupverð muna sé greitt út fyrir fyrsta reglulega vaxtatímabil, innheimtist aukalega fyrir það tímabil með fyrstu greiðslu.

5. gr. samningsins hefur að geyma útlistanir á gjalddögum greiðslna samkvæmt samningnum. Kemur þar fram að fyrsti gjalddagi leigugreiðslu sé 1. september 2006 og síðasti gjalddagi 1. ágúst 2011. Þá kemur þar fram að fjöldi gjalddaga sé 60. Þá er þar sérstaklega tiltekið að gjalddagi fyrstu framlengingar á samningnum sé 1. október 2011.

6. gr. kveður á um greiðslustað.

7. gr. hefur að geyma ákvæði um að vélin skuli váttrygð hjá VÍS, bæði ábyrgðar- og kaskótrygð.

8. gr. kveður á um sérstök ákvæði/baktryggingar. Þar segir að stofngjald sé 21.600 krónur og að ábyrgðarmaður sé Andri Teitsson.

Jafnframt því að undirrita samninginn f.h. stefnanda, Flugstraums ehf., undirritaði Andri Teitsson yfirlýsingu um sjálfskuldarábyrgð á samningnum.

Í almennum skilmálum, sem teljast hluti samningsins eftir því sem við getur átt og fylgja samningnum eru aðilar nefndir leigusali og leigutaki. Skilmálarnir eru alls 25. greinar. Í 2. gr. almennra skilmála er leigutími samningsandlagsins nánar skilgreindur. Í 4. mgr. segir að ef leigutaki hafi í einu og öllu staðið við skuldbindingar sínar á frumleigutímanum eða á meðan á framlengingu stefndur eigi hann rétt á að framlengja samninginn, einu sinni eða oftar, í hvert sinn um þann tíma er greinir í grein 2-D í sérstökum samningsákvæðum. Í 5. mgr. kemur fram að framlenging sé reiknuð frá lokum frumleigutíma eða lokum framlengingar. Þá segir í 6. mgr. að beiðni um framlengingu skuli vera skrifleg og berast leigusala eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok frumleigutíma eða framlengingar. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. virðist gert ráð fyrir að leigutaki skoði hlut og

prófi við afhendingu seljanda tækis. Í 4. mgr. 3. gr. segir að leigutaki beri áhættuna af að munir skemmist eða eyðileggist af tilviljun eða öðrum ástæðum frá því að ábyrgð seljanda lýkur samkvæmt söluskilmálum eða almennum eða sérstökum reglum og á tjóni, er munirnir kunni að valda þriðja manni áður en afhending samkvæmt framangreindu hefur farið fram. Í 5. mgr. 3. gr. segir að ef leigusali telur nauðsynlegt og ekki er um annað samið, muni leigusali váttrýggja muni í flutningi frá vörugæmslu eða starfsstöð seljanda eða öðrum stað þar sem ábyrgð seljanda lýkur til afhendingarstaðar samkvæmt 3. gr. samningsins. Í 4. mgr. 4. gr. almennu skilmálanna segir: „Ef framleiðandi, innflytjandi og/eða seljandi muna hafi gert fyrirvara um breytingu á söluverði muna, eða söluverð breytist af öðrum ástæðum, t.d. vegna breytinga á gengisskráningu eða opinberum gjöldum, þ.m.t. aðflutningsgjöldum, breytast leigugjöld samkvæmt samningi þessum til samræmis við þá breytingu“. Í 7. mgr. greinarinnar kemur fram að leigugreiðslur skuli taka breytingum í samræmi við breytingar á Libor-vöxtum. Þá segir í 9. mgr. greinarinnar að leigusala sé heimilt að breyta vaxtaálagi samnings til hækkunar eða lækkunar einu sinni á ári út leigutímann. Skuli það gert að undangenginni sérstakri tilkynningu á gjalddaga „afborgana“ og eða vaxta. Vilji leigutaki ekki sæta breytingu vaxtaálags sé honum heimilt að greiða samning upp með því álagi sem í gildi var fram að breytingunni enda hafi hann gert hann upp að fullu innan 10 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar. Uppgreiðsluþóknun komi ekki til greiðslu samkvæmt þessu ákvæði. Í 12 mgr. greinarinnar segir að leigutaki greiði, nema um annað sé samið, allan kostnað og útgjöld vegna þökkunar, hleðslu og flutnings muna frá seljanda til umsamins notkunarstaðar. Samkvæmt 14. og 15. mgr. greinarinnar virðist leigutaka skylt að endurgreiða leigusala hverja þá fjárhæð er leigusali hefur vegna lagaskyldu orðið að greiða þriðja aðila, þ. á m. hinu opinbera vegna notkunar muna.

Í 9. gr. skilmálanna er svo fjallað um eignarrétt á andlagi samningsins. Í 1. mgr. greinarinnar kemur fram, að leigusali eigi beinan eignarrétt á munum og leigutaki geti hvorki gegn né án endurgjalds orðið leigusali muna á leigutímanum. Í 10. grein kemur fram að samningurinn veiti leigutaka afnotarétt af munum í atvinnustarfsemi sinni í samræmi við eiginleika og tilgang muna, ákvæði samningsins og leiðbeiningar og fyrirmæli seljanda. Þá kemur fram að leigutaka sé með öllu óheimilt að veita þriðja aðila afnot af hinu leigða eða afhenda það með einhverjum hætti, án samþykkis leigusala. Samkvæmt 13. gr. virðist gert ráð fyrir að leigutaki annist kaup tækis hjá seljanda og uppfylli allar venjulegar skyldur kaupanda, svo sem skoðun og prófun tækis. Í 18. gr. segir að samningurinn sé óuppsegjanlegur af hálfu leigusala eða leigutaka frá afhendingu muna þar til samningstíma lýkur, þ.m.t. framlengingu. Í 19. gr. er síðan fjallað um ástæður sem réttlæta uppsögn eða riftun samnings af hálfu leigusala.

20. gr. hinna almennu skilmála fjallar um uppgjör. Þar er þess m.a. getið að við vanefndir leigutaka geti leigusali rift samningi en jafnframt krafði leigutaka um ógjaldfallna leigu út samningstímann.

Í 21. gr. kemur fram að þegar samningi ljúki vegna ógildingar, riftunar eða af öðrum ástæðum, skuli leigutaki, krefjast leigusali þess, skila munum í hendur leigusala eða umboðsmanna hans á þeim stað er leigusali tiltekur.

Þá kemur fram í samningnum yfirlýsing um að notandi lofi að afla, eigi síðar en þremur mánuðum fyrir frumleigutíma, bindandi kaupsíðubóts í leigumun og verður tilboðsgjafi að vera reiðubúinn að greiða 3% af kaupverði muna að frádreginni leigu greiddri við undirskrift, ef einhver er, og er kaupverðið gengistryggt á sama hátt og leigugreiðslur samningsins. Kaupverðið skal staðgreiða eigi síðar en 1. október 2011. Ef notanda takist ekki að afla eiganda tilboðs skuldbindur notandi sig, samkvæmt yfirlýsingunni, til að framlengja leigusamninginn í a.m.k. 12 mánuði frá lokum frumleigutíma. Leigugjald fyrir hverja 12 mánuði skal vera 1/10 af árlegu leigugjaldi frumleigutíma.

Hinn 14. nóvember 2008 undirrituðu aðilar samkomulag um skilmálabreytingu sem svo er nefnd í yfirskrift skjalsins. Samkomulag þetta kveður á um að fella niður nánar tilgreindar leigugreiðslur gegn samsvarandi lengingu leigutímans. Gert var þó ráð fyrir að leigutaki greiddi vexti fyrir það tímabil. Þá segir: „Höfuðstólsgreiðslur hefjast aftur að nýju 01.05.2008.“ (Stefnandi telur að hér hafi væntanlega verið átt við 2009.) Í samkomulagi þessu eru aðilar nefndir leigusali og leigutaki og upphaflegi samningurinn nefndur leigusamningur. Þá segir í samkomulaginu: „Kostnaður við skuldbreytingu þessa er kr. 0.“

Stefnandi kveður Andra Teitsson stjórnarmanns stefnanda, hafi samið f.h. félagsins við Sturlaug og Co um kaup á dráttarvélinni, án aðkomu SP-fjármögnunar. Samið hafi verið um kaupverð 2.700.000 krónur, auk virðisaukaskatts, þ.e. sömu fjárhæð og samnings, og að greidd yrði útborgun 672.300 krónur. Fjárhæð þessa hafi Andri greitt í tvennu lagi, hinn 7. júlí 2006 300.000 krónur og 19. júlí 2006 372.300 krónur, auk 100 króna tilfærslugjalds og 180 króna pósthæðargjalds. Fjárhæðir þessar hafi Andri greitt beint til Sturlaug og Co seljanda vélarinnar án aðkomu SP-fjármögnunar. Þetta sé sama fjárhæð og í samningi aðila er sögð „leiga greidd við undirskrift“. Þá kveði Andri að gert hafi verið ráð fyrir því að dráttarvélin yrði eign stefnanda við samningslok.

Stefnandi greiddi skuldina upp hinn 1. nóvember 2011, með fyrirvara um lögmæti lánsins og fékk dráttarvélin til eignar án frekari greiðslu. Var þar um að ræða 8.-9. gjalddagana, þ.e. síðustu gjalddagana.

Hinn 28. febrúar 2011 ritaði lögmaður stefnanda SP-fjármögnun bréf í tilefni af dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 471/2010. Óskað var eftir því að lánið yrði endurreiknað í samræmi við dóminn og gert upp á þeim grundvelli. Í framhaldi bréfsins fóru fram bréfaskipti milli lögmannsins og starfsmanna SP-fjármögnunar með tölvuskeytum og síðar starfsmanns stefnda. Lengst af var beðið dóms í máli Íslandsbanka hf. gegn þrotabúi AB 258, sem álitð var að hefði fordæmisgildi í þessu máli. Dómur í því máli var kveðinn upp í Hæstarétti Íslands 20. október 2011.

SP-fjármögnun sameinaðist stefnda hinn 6. nóvember 2011 og var SP-fjármögnun tekin út af fyrirtækjaskrá hinn 21. nóvember 2011, vegna samrunans.

Stefnandi byggir á því, að samningur aðila hafi að efni til verið samningur um peningalán í íslenskum krónum, sem taka hafi átt breytingum í samræmi við breytingar á gengi tiltekinna fjögurra gjaldmiðla, sem tilgreindir séu í samningnum. Gengistryggingin hafi farið í bága við 13. og 14. gr. laga nr. 38/2001 og sé því ógild, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 92/2010. Beri stefnda því að endurgreiða stefnanda þá fjárhæð, sem hann hafi ofgreitt.

Telur stefnandi að hann hafi í raun keypt dráttarvélina og orðið raunverulegur eigandi hennar. Vélin hafi hins vegar verið skráð eign SP-fjármögnunar sem eins konar trygging í lánsviðskiptum þess fyrirtækis og stefnanda. Enda hafi verið gert ráð fyrir að stefnandi yrði formlegur eigandi vélarinnar þegar skuldi væri að fullu greidd. Þessu til stuðnings megi nefna að stefnandi hafi annast val og kaup á vélinni og samið við seljanda um verð og skilmála, allt án aðkomu SP-fjármögnunar. Virðist þetta raunar vera í samræmi við hina almennu skilmála, sem að framan sé getið. Þá styðji mörg ákvæði almennu skilmálanna þessa niðurstöðu, sbr. ákvæði samningsins, sem mörg virðist kveða á um réttarsamband stefnanda og seljanda dráttarvélarinnar. Vísist um þau til skilmálanna. Nærtækasta sönnunin fyrir þessari niðurstöðu sé þó sú staðreynd að með því að greiða upp skuldina hinn 1. nóvember 2010 hafi stefnandi formlega fengið eignarrétt að vélinni í sínar hendur án frekari greiðslu.

Til stuðnings þeirri staðhæfingu stefnanda að samningur hans við SP- fjármögnun hafi í raun verið samningur um peningalán, en ekki leigu á téðri dráttarvél megi benda á að samningurinn að efni til og atvik öll beri þess glögg merki að vera samningur um peningalán. Megi þar m.a. vísa til eftirtalinnna atriða auk þeirra sem að framan séu talin.

1. Stefnandi hafi samið um kaup á dráttarvélinni, verð og greiðsluskilmála, við þáverandi eiganda vélarinnar Sturlaug og Co án aðkomu SP-fjármögnunar og hafi greitt seljanda inn á kaupverðið 672.300 krónur, með virðisaukaskatti. Ef SP-fjármögnun hefði ætlað að kaupa vélina til útleigu hefði legið beinna við að það fyrirtæki annaðist framangreint, e.t.v. í samráði við væntanlegan leigutaka.
2. Óvenjulegt sé að tala um „framsal á afnotarétti“ í samningi um leigu hlutar, svo sem gert sé í upphafi samningsins.
3. Í 1. gr. samningsins sé getið um seljanda dráttarvélarinnar og samningsverð þótt seljandi eigi enga aðild að samningnum.
4. Tilgreint „samningsverð“, höfuðstóll, sé það sama og kaupverð það sem stefnandi hafi samið um. Útborgun Andra Teitssonar sé þar innifalin þótt hún hafi ekki verið greidd „leigusala“. Útborgun stefnanda til seljanda geti ekki talist leigugreiðsla til SP-fjármögnunar. Upphæð lánsins hafi því frá upphafi verið lægri en nemi kaupverði dráttarvélarinnar.
5. Í samningi aðila sé ákvæði um að leigutaki skuli greiða vexti af legunni, sem sé óþekkt þegar um leigu sé að ræða en hins vegar eðlilegt sé um peningalán að ræða. Auk þess sé ákvæðið í hinum almennu skilmálum um heimild „leigusala“ til að breyta vaxtaálagi eftir leið, sem þar sé nánar lýst, sbr. 7. og 9. mgr. 4. gr. skilmálanna, sem að framan sé lýst.
6. Gengið sé út frá því að vanefndir af hálfu leigutaka veiti leigusala rétt til riftunar en jafnframt rétt til greiðslu leigunnar til loka samningsins, sbr. 20. gr. almennu skilmálanna. Þetta geti varla átt við um leigusamning en sé hins vegar eðlilegt ef um peningalán er að ræða, þ.e. að lánið eigi að greiðast að fullu. Í ákvæðinu sé einnig kveðið á um að ef leigusali neytir réttar síns um að taka munina úr vörslu leigutaka skuli eftir nánar lýstum reglum draga verðmæti munanna frá fjárkröfu leigusala. Þetta ákvæði fari gegn þeim skilningi að munirnir séu eign leigusala og réttur leigjanda sé aðeins leiguréttur.
7. Gert hafi verið ráð fyrir að dráttarvélina yrði eign stefnanda að leigutíma loknum, án sérstakrar leigugreiðslu.
8. Stefnandi hafi ekki leitað eftir því að taka vélina á leigu hjá SP-fjármögnun, heldur fjarmagni til kaupanna.
9. Í viðauka við samninginn (Samkomulag um skilmálabreytingu) hafi verið felldar niður greiðslur afborgana gegn lengingu „leigutímans“. Þarna hafi í raun verið samið um greiðslufrest á afborgunum láns en ekki eftirgjöf á leigu, þannig að leigutaki hefði tækið ókeypis í umsaminn tíma. Þá segi að „Höfuðstólsreglur“ hefjist aftur ...kostnaður við „skuldbreytingu“ þessa er 0 kr. Orðin „höfuðstólsgreiðslur“ og „skuldbreyting“ eru ekki notuð um leigugreiðslur heldur peningalánsgreiðslur. Þótt „leigugreiðslur“ féllu niður hafi leigutaka borið að greiða vexti, samkvæmt samkomulaginu.
10. Í samningnum sé gert ráð fyrir baktryggingu stjórnarmanns leigutaka og hann (Andri) hafi tekið á sig sjálfskuldarábyrgð með undirskrift sinni eins og um væri að ræða skuldabréf. Þá sé í samningnum ákvæði um að greidd skuli sérstök þóknun vegna „láns á virðisaukaskatti“. Framangreint eigi tvímælalaust frekar við peningalán en leigu.
11. Gert hafi verið ráð fyrir greiðslu innheimtugjalds með hverri greiðslu leigunnar. Slíkt hafi tíðkast frekar við afborganir láns en greiðslu leigu.
12. Stefnandi hafi greitt upp effirstöðvar „leigunnar“ hinn 1. nóvember 2011 eins og um væri að ræða lán. Hafi þá lokið hinni svonefndu leigu og stefnandi fengið vélina til formlegrar eignar.

Að framangreindu virtu, um efni samningsins og viðskipti stefnanda við SP-fjármögnun að öðru leyti, telji stefnandi ljóst að ekki geti verið um leigusamning að ræða heldur hafi SP-fjármögnun í raun veitt stefnanda lán til kaupna á dráttarvél, sem lánveitandi hafi kosið að klæða í búning leigusamnings. Telur stefnandi því að um sé að ræða lánsamning í skilningi VI.

kafla laga nr. 38/2001. Séu ákvæði samningsins um gengistryggingu því í andstöðu við fyrirmæli téðra laga og því ekki skuldbindandi fyrir hann. Í því sambandi vísar stefnandi til dóma Hæstaréttar Íslands í málum nr. 92/2010, 153/2010 og dóms frá 20. október 2011 í máli nr. 282/2011.

Stefnandi kveðst hafa endurgreitt að fullu umsamið lán ásamt samningsvöxtum og gengismun og fengið fyrirvaralausar fullnaðarkvittanir, eða ígildi þeirra. Vanskilum af hans hálfu hafi ekki verið til að dreifa. Verði stefnanda því ekki gert að greiða aðra vexti en um hafi verið samið, sbr. dóm Hæstaréttar frá 15. febrúar 2012 í máli nr. 600/2011, sem virðist hafa fordæmisgildi í þessu máli.

Samkvæmt samningi aðila hafi stefnanda borið að endurgreiða lánið með 60 mánaðarlegum greiðslum, 40.895 krónur, í hvert sinn, án virðisaukaskatts, eins og segi í samningnum. Fjárhæð þessi samanstandi af afborgunum höfuðstóls auk gjaldfallinna vaxta í hvert sinn. Samkvæmt þessu hafi lánsfjárhæðin í raun numið 2.453.700 krónum og hafi samningsvextir verið þar innifaldir, en eins og áður greini hafi stefnandi greitt seljanda vélarinnar hluta kaupverðsins með eigin fé. Samið hafi verið um smávægilega lengingu lánstímans hinn 14. nóvember 2008, sem hugsanlega hafi áhrif á endanlega upphæð vaxta.

Stefnandi kveður, að samkvæmt sínum gögnum hafi greiðsla hans í afborganir og vexti numið 3.826.961 krónu, eða 1.373.261 krónu umfram samningsfjárhæðina og sé það stefnuþjárhæðin. Kveðst stefnandi hafa greitt fjárhæðina í góðri trú um að sér væri það skylt. Í ljós hafi komið með framangreindum dómum Hæstaréttar Íslands að stefndi hafi ekki átt rétt á þessari greiðslu. Leiði reglur kröfuréttar um rétt til endurgreiðslu ofgreidds fjár til þess að stefnda beri að endurgreiða fjárhæðina.

Auk greiðslu höfuðstóls og vaxta lánsins hafi stefnandi verið krafinn um greiðslu greiðslugjalds að fjárhæð 28.350 krónur, samkvæmt samningnum og 34.292 krónur fyrir „annað“ ótilgreint. Hafi hann greitt þessar fjárhæðir og séu ekki gerðar athugasemdir við þessa liði. Þá hafi stefnandi greitt virðisaukaskatt á allar afborganir en þar sem hann hafi fengið þann skatt endurgreiddan hjá skattayfirvöldum sé ekki krafist endurgreiðslu á honum.

Hinn 1. nóvember 2011 hafi stefnandi greitt samninginn upp og sé upphafsdagur dráttarvaxta miðaður við þá dagsetningu, en krafa um endurreikning lánsins hafi verið sett fram í bréfi lögmanns stefnanda, 28. febrúar 2011.

Kröfu um málskostnað byggir stefnandi á 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, og annarra ákvæða XXI. kafla þeirra laga

#### IV

Stefndi byggir á því að umþrættur samningur hafi verið leigusamningur, í samræmi við heiti samningsins, skilmála hans, framkvæmd og lög og reglur.

Fjármögnunarleiga sé ein tegund eignaleigusamninga en eignaleiga feli í sér leigustarfsemi á lausafé eða fasteignum þar sem leigusali selji leigutaka hið leigða gegn umsömdu leigugjaldi í tiltekinn lágmarksleigutíma samkvæmt sérstökum skilmálum um eignar- eða afnotarétt að lágmarksleigutíma liðnum. Í 3. tölulið 1. mgr. 3. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, komi fram að með eignaleigu sé átt við leigustarfsemi með lausafé eða fasteignir þar sem leigusali selji leigutaka hið leigða gegn umsömdu leigugjaldi í tiltekinn lágmarksleigutíma.

Í fjármögnunarleigu felist að leigugjald og lágmarksleigutími sé ákvarðað með hliðsjón af því, að í lok lágmarksleigutíma hafi leigusali fengið í sinn hlut upphaflegt kaupverð leigumunar, auk vaxta og kostnaðar, en eftir það tímamark hafi leigutaki að jafnaði rétt til áframhaldandi leigu munar gegn lækkuðu leigugjaldi.

Stefndi byggir á því að samningurinn frá 11. júlí 2006 sé leigusamningur en ekki lánssamningur. Um sé að ræða gagnkvæman samning þar sem SP-fjármögnun hafi heimilað stefnanda tiltekin afnot af dráttarvél gegn greiðslu endurgjalds. Þessi eðliseinkenni samningsins séu í grundvallaratriðum ólík lánssamningi þar sem annar aðilinn, lánveitandi, veiti eða lofi að veita öðrum aðila, lántaka, lán í formi greiðslufrests eða svipaðrar fjárhagslegrar fyrirgreiðslu og lántaki lofi að greiða lánið til baka samkvæmt ákvæðum lánssamningsins.

Stefndi telur einsýnt af skilmálum samningsins, hvort sem er almennum eða sérstökum, að um sé að ræða leigu. Megi í þessu samhengi nefna nokkur atriði sem séu þó engan veginn tæmandi:

- Heiti samningsins sé „fjármögnunarleigusamningur“.
- Í samningnum sé ætíð talað um „leigutaka“ og „leigusala“.
- Orðnotkun í samningnum bendi til þess að um sé að ræða leigusamning enda sé rætt um leigumun, leigugjald, leigutíma o.fl.
- Í samningnum sé frumleigutími sérstaklega tiltekinn og einungis gert ráð fyrir framlengingu að þeim tíma liðnum.
- Virðisaukaskattur sé lagður ofan á einstakar greiðslur leigusamningsins en slíkt tíðkist aldrei í lánssamningum.
- Eignarréttur haldist hjá leigusala allan leigutímann, þ.e. grunnleigutíma og framlengingarleigutíma, sbr. m.a. 9. gr. almennra skilmála samningsins.
- Hvergi í samningnum sé gert ráð fyrir yfirfærslu eignarréttar að loknum leigutíma. Þvert á móti sé í 9. gr. samningsins fjallað um skil munar þegar leigutíma lýkur.

Þá styðji svokölluð „Yfirlýsing um bindandi kautilboð“ enn fremur málatilbúnað stefnda enda hafi stefnanda einungis verið veitt val undir lok leigutímans um að kaupa hið leigða eða framlengja leigusamninginn. Með öðrum orðum hafi ekki verið gengið út frá því við undirritun fjármögnunarleigusamningsins að stefnandi keypti tækið undir lok leigutímans heldur hafi honum aðeins verið veittur sá kostur. Þetta skipti að mati stefnda algeru grundvallarmáli enda geti kaupréttur undir lok leigutíma, sem leigutaka sjálfum eða öðrum sé frjálst að nýta, aldrei gert það að verkum að samningur, sem beri öll einkenni leigusamnings, teljist skyndilega vera lánsamningur. Stefndi leggi ríka áherslu á að líta verði til ákvæða samningsins í heild sinni og túlka þau eftir orðanna hljóðan þegar leyst sé úr ágreiningsefni aðila. Sú niðurstaða muni aldrei leiða annað í ljós en að um leigusamning sé að ræða og vísar stefndi í því samhengi m.a. til nýlegs dóms Hæstaréttar frá 24. maí 2012 í máli nr. 652/2012.

Gildissvið laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, sé skilgreint með víðtækum hætti í 1. gr. laganna en samkvæmt ákvæðinu nái lögin yfir vexti af peningakröfum á sviði fjármunaréttar og á öðrum sviðum réttarins, eftir því sem við geti átt, svo og um annað endurgjald sem áskilið sé eða tekið fyrir lánveitingu eða umliðun skuldar. Samkvæmt 2. gr. gildi lögin einnig um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.

Í VI. kafla laganna, sem fjalli um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár, sé gildissvið kaflans skilgreint með þrengri hætti en fram komi í 1. gr. laganna. Öfugt við önnur ákvæði laganna sem taka til vaxta af peningakröfum á sviði fjármunaréttar takmarkist verðtryggingarákvæði laganna við sparifé og lánsfé í íslenskum krónum. Ákvæði 13. og 14. gr., sem banni gengistryggingu, taki því samkvæmt orðalagi sínu einungis til sparifjár og lánsfjár í íslenskum krónum en ekki til annars konar samninga eins og leigusamninga. Fjármögnunarleigusamningur, eins og samningur sá sem fjallað sé um í þessu máli, sé leigusamningur, þ.e. gagnkvæmur samningur, og sé annars eðlis en hefðbundið peningalán.

Stefndi byggir á því honum hafi verið heimilt að gengistryggja samning aðila þar sem um sé að ræða leigusamning og leigusamningar falla ekki undir ákvæði VI. kafla laga nr. 38/2001 þar sem gengistrygging lánsamninga sé bönnuð. Meginregla leiguréttar sé að aðilum samnings sé frjálst að semja um fjárhæð leigu og hvort og þá með hvaða hætti hún skuli breytast á leigutímanum. Meginregla þessi komi m.a. fram í 37. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994. Þessi skilningur stefnda eigi sér stoð í dómi Hæstaréttar í máli nr. 652/201, þar sem talið hafi verið að ákvæði laga nr. 38/2001 girtu fyrir að aðilum hafi verið heimilt að semja um að leigugjald í viðskiptum þeirra tæki mið af breytingum á gengi erlendra gjaldmiðla.

Hinn 20. október 2011 hafi Hæstiréttur kveðið upp dóm í máli nr. 282/2011: Íslandsbanki hf. gegn AB 258 ehf. Í því máli hafi verið deilt um hvort samningur um fjármögnun á vinnuvél, svokallaðri búkollu, væri leigusamningur eða lánsamningur. Í málinu hafi samningurinn sjálfur verið tvíþættur, annars vegar sérstakir skilmálar og hins vegar almennir, skilmálar. Í dóminum hafi verið talið að hin sérstöku ákvæði samningsins væru ákaflega óskýr og ruglingsleg, þar sem annars vegar væri talað um leigutaka og hins vegar seljanda, þótt samningurinn væri ekki um kaup samkvæmt fyrirsögn. Þá hafi leigusala hvergi verið getið eða honum berum orðum fengin réttindi eða á hann lagðar skyldur. Í dóminum komi einnig fram að í almennum ákvæðum samningsins hafi jafnt verið fjallað um fjármögnunarleigu og kaupleigu. Hafi það verið mat dómsins að efni skilmálanna væri fyrst og fremst sniðið að kaupleigusamningum og samrýmdist mörgum atriðum illa að um fjármögnunarleigusamning væri að ræða. Þá hafi rétturinn vísað í málskjöl þar sem fram hafi komið að áætlað verðmæti leigumunar í lok samningstíma væri 2% af uppfærðri samningsfjárhæð. Hafi Hæstiréttur talið, m.a. með hliðsjón af framangreindum atriðum, að sönnur hefðu tekist fyrir því að um hafi verið samið að fjármögnunarleigutaki eignaðist tækið, gegn fyrir fram ákveðinni greiðslu, í lok samningstíma.

Að mati stefnda sé algjör grundvallarmunur á ofangreindum dómi og því máli sem hér sé til umfjöllunar. Í fyrsta lagi séu sérstakir skilmálar samningsins í þessu máli afar skýrir og ætíð sé rætt um leigutaka, leigusala, leigufjárhæð, leigutíma o.fl. Þá komi sérstaklega fram í samningnum að framlengingin standi leigutaka til boða að samningstíma loknum. Þá séu almennu skilmálarnir afar skýrir og gildi einungis um fjármögnunarleigu ólíkt því sem hafi verið í framangreindum dómi. Í ofanálaga liggja fyrir í þessu máli að stefnandi hafi aðeins átt val um hvort tækið væri keypt undir lok leigutíma. Með öðrum orðum hafi ekki verið samið um að stefnandi keypti tækið heldur einungis samið um að hann, eða þriðji maður, ætti þess kost í lok leigutímans. Hinn valmöguleikinn hafi síðan verið sá að stefndi leigði tækið áfram gegn mun lægri greiðslu. Þessar staðreyndir málsins geri það að verkum að Hrd. í máli nr. 282/2011 getur aldrei haft fordæmisgildi í máli þessu.

Hinn 24. maí 2012 hafi Hæstiréttur svo kveðið upp annan dóm vegna fjármögnunarleigusamnings, þ.e. mál nr. 652/2011, Lýsing hf. gegn Smákrönum ehf. Í dóminum hafi sérstaklega verið tiltekið að ákvæði þess fjármögnunarleigusamnings væru í ýmsum atriðum frábrugðin þeim samningi sem deilt hafi verið um í máli Hrd. nr. 282/2011. Í forsendum dómsins komi enn fremur fram að stöðluð ákvæði samningsins væru skýr og ættu eingöngu við um fjármögnunarleigusamninga. Þá hafi rétturinn talið ósannað að samið hafi verið um að stefndi myndi eignast hið leigð tæki gegn fyrir fram ákveðinni greiðslu, heldur lægi ekki annað fyrir en að undir lok leigutímans myndi stofnast ótímabundinn leigumáli gegn verulega lægra gjaldi sem Smákrönum ehf. hafi verið heimilt að segja upp með eins mánaðar fyrirvara. Í ljósi þessa hafi rétturinn talið ósannað að um væri að ræða lánsamning og af þeim sökum girtu ákvæði VI. kafla laga nr. 38/2001 ekki fyrir að aðilum væri heimilt að semja um að leigugjald tæki mið af breytingum á gengi erlendra gjaldmiðla.

Stefndi telur að atvik þessa máls séu um margt sambærileg þeim atvikum sem lýst sé í dómi Hæstaréttar í máli nr. 652/2011. Í þessu máli liggja fyrir að skilmálar samningsins, bæði sérstakir og almennir, séu afar skýrir um að um sé að ræða leigusamning. Það sem greini hvað helst á í málunum tveimur sé sú staðreynd að í þessu máli liggja fyrir að stefnandi hafi getað keypt tækið að leigutíma loknum gegn ákveðnu gjaldi. Stefndi leggi þó enn og aftur áherslu á að um sé að ræða val en

ekki skyldu og af þeim sökum sé með engu móti hægt að fullyrða að samningur aðila hafi verið lánssamningur í upphafi enda hafi stefnandi rétt eins getað ákveðið að leigja tækni áfram að leigutíma loknum. Sé því með engu móti sannað í þessu máli að um lánssamning sé að ræða og af þeim sökum hafi aðilum verið heimilt að semja um að leigugreiðslur tækju mið af breytingum erlendra gjaldmiðla.

Ljóst sé að EES-réttur sé hluti af íslenskum rétti Tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins 2006/48/EB frá 14. júní 2006 fjalli um stofnun og rekstur lánastofnana eins og SP-fjármögnunar og Landsbankans hf. Hana sé að finna í viðauka IX við EES-samninginn sem fjalli um fjármálaþjónustu. Hluti af leyfisskyldri starfsemi beggja þessara fjármálastofnana, á grundvelli tilskipunarinnar eins og hún hafi verið innleidd hér á landi, sé heimild til að gera eignaleigusamninga (e. financial leasing), sbr. 3. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 161/2002. Hugtaksskilgreining á því hvað séu „fjármögnunarleigusamningar“ tilheyri þannig EES réttinum, en auk tilskipunar 2006/48/EB sé fjallað um „fjármögnunarleigusamninga“ í tilskipun nr. 88/361/EBE, sem eigi fullum fetum við um fjármögnunarleigusamning eins og þann sem mál þetta snúist um. Síðarnefnda tilskipunin gangi jafnan undir nafninu „fjármagnsflutningatilskipunin“ og sé að finna í XII. viðauka við EES-samninginn. Samkvæmt skýringum við tilskipunina falli undir peningalán og lánsfrest, skv. henni hvers konar fjármögnun af hálfu fjármálastofnana, þar með talin fjármögnun tengd verslun eða veittri þjónustu þar sem enginn aðili búsettur innanlands á hlut að. Þá sé kveðið á um það í skýringunum að þessi flokkur nær einnig til veðlána, neytendalána og fjármögnunarleigu, sem og viðbúnaðarsamninga og annarrar útgáfu á skuldaviðurkenningu. Tilgangur tilskipunarinnar komi fram í 1. gr. þar sem segi orðrétt: „Aðildarríkin skulu, í samræmi við eftirfarandi ákvæði, aflétta hömlum á fjármagnsflutningum m.lli þeirra sem búsettir eru í aðildarríkjum. Til að auðvelda beitingu þessarar tilskipunar skulu fjármagnsflutningar flokkaðir í samræmi við skrá í I. viðauka.“ Tilskipunin feli í sér efnisákvæði sem séu nánari útfærsla á grundvallarreglunni um frjálsa fjármagnsflutninga í 40. gr. EES-samningsins.

Hugtökin fjármögnunarleigusamningur og leigusamningur geti átt við um margskonar samningsgerðir. Sameiginlega skilgreiningu á þessum hugtökum sé að finna í alþjóðlega reikningsskilastaðlinum IAS-staðli 17 sem tekinn hafi verið inn í XXII. viðauka EES-samningsins, sbr. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 1725/2003, sbr. reglugerð nr. 180/2006 um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Skilgreiningin í 3. gr. staðalsins sé svofelld: Fjármögnunarleiga er leigusamningur sem yfirfærir svo til alla áhættu og allan ávinning sem fylgir eignarhaldi á eign. Eignaréttur kann eða kann ekki að færast á milli aðila að lokum. Samningur aðila í þessu máli falli fullkomlega undir þessa skilgreiningu enda hafi stefnandi haft val um það hvort hann gerði bindandi kauptilboð í lok leigutíma eða framlengdi leigutímamann. Stefndi heldur því fram, að samningur sá sem stefnandi og SP-fjármögnun hafi gert sé „Fjármögnunarleigusamningur“ í skilningi hinna tilgreindu tilskipana samkvæmt rétttri skilgreiningu að EES-rétti og því eigi ákvæði 13. og 14. gr. vaxtalaga nr. 38/2010 um bann við gengistryggingu ekki við um samninginn. Stefndi telur, með vísan til þess sem að framan geti, að fullt tilefni sé til þess að aflað álits EFTA-dómstólsins á því hvort samningur aðila teljist „fjármögnunarleigusamningur“ í skilningi reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 1725/2003, tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB og tilskipunar ráðsins nr. 88/361/EBE.

Verði það niðurstaða dómsins að fjármögnunarleigusamningur aðila sé í raun lánssamningur og eigi þ.a.l. undir lög um vexti og verðtryggingu sé einnig byggt á því að ákvæði vaxtalaganna nr. 38/2001, einkum 13. og 14. gr. eins og þau ákvæði hafi verið túlkuð af Hæstarétti Íslands, um bann við gengistryggingu lána stangist á við skuldbindingar íslenska ríkisins, samkvæmt EES-samningnum, sbr. lög nr. 2/1993. Stefndi byggir þessa málsástæðu á því að bannið við gengistryggingunni sé andstætt 40. gr. EES-samningsins, sbr. 2. og 3. gr. laga nr. 2/1993 og tilskipun ráðsins nr. 88/361/EBE sem sé nánari útfærsla á frelsinu til fjármagnsflutninga sem grunnregla 40. gr. EES samningsins kveði á um. Í 40. gr. EES-samningsins sé kveðið á um að engin höft skuli vera á milli samningsaðila á flutningi fjármagns í eigu þeirra sem búsettir séu í aðildarríkjum EB og EFTA né nokkur mismunun, byggð á ríkisfangi eða búsetu aðila eða því hvar féð sé notað til fjárfestingar. Gengistryggingarbannið feli í sér höft eða takmörkun (e. restriction) í skilningi 40. gr. EES-samningsins og tilskipunar 88/361/EBE, en bæði EFTA-dómstóllinn og Evrópudómstóllinn hafa ítrekað komist að þeirri niðurstöðu að reglur landsréttarins sem séu til þess fallnar að hindra frjálst flæði fjármagns og reglur sem leti fjárfesta í öðrum aðildarríkjum til þess að notfæra sér þetta frelsi, feli í sér höft eða takmörkun í skilningi 63. gr. samningsins um Evrópusambandið og 40. gr. EES-samningsins. Um þetta megi t.d. vísa til dóma í málum nr. C-367/98 Framkvæmdastjórnin gegn Portúgal, C-483/99 Framkvæmdastjórnin gegn Frakklandi, C-98/01 Framkvæmdastjórnin gegn Bretlandi og C-463/00 Framkvæmdastjórnin gegn Spáni.

Ljóst sé að algert bann við lánum í íslenskum krónum sem séu verðtryggð þannig að þau fylgi gengissveiflum tiltekinna erlendra gjaldmiðla, eins og lög nr. 38/2001 kveði á um, letji íslenskar lánastofnanir eins og stefnda til að fjármagna lán sín í öðrum gjaldmiðlum en íslenskrí krónu og feli þess vegna í sér höft eða takmörkun á því frelsi sem 40. gr. EES-samningsins kveði á um og nánar sé útfært í tilskipun nr. 88/361/EBE. Þessi sjónarmið koma öll fram í formlegu erindi Eftirlitsstofnunar EFTA, dagsettu 19. apríl sl., Eftirlitsstofnun EFTA sé þeirrar skoðunar að íslenska ríkið hafi brotið ákvæði 40. gr. EES-samningsins með gengistryggingarbanninu, m.a. með þeim rökum sem getið sé hér að framan. Stefndi taki undir og geri þau lagasjónarmið sem fram koma í erindi ESA að sínum. Frelsi til fjármagnsflutninga sé einnig lántakendum til hagsbóta, eins og komið hafi fram hjá EFTA-dómstólnum. Það auki samkeppni og gefi þeim kost á auknu vali og lægri kostnaði. Sýnir það þversögn í löggjöf að banna gengistryggingu lána en heimila að lán séu miðuð við einstaka erlenda hlutabréfavísitölu eða safn af erlendum hlutabréfavísitölum, sbr. heimild í 2. mgr. 14. gr. vaxtalaga, en slík tenging feli bæði í sér gengis- og markaðsáhættu. Jafnvel þótt lánveitingar í erlendum gjaldmiðlum séu ekki bannaðar á Íslandi séu líkur á að bann

vaxtalaganna við gengistryggingu lána í íslenskum krónum feli í sér höft eða takmörkun á flæði fjármagns milli Íslands og annarra EES-ríkja. Þannig geti slíkt fyrirkomulag augljóslega takmarkað áhuga á lánveitingum frá aðilum sem staðsettir séu í öðrum aðildarríkjum EES.

Svipuð sjónarmið megi finna í ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli nr. E-1/00 Lánasýsla ríkisins gegn Íslandsbanka-FBA. Í álitinu komi fram að innlendar lagareglur sem letji einstaklinga og lögaðila til að eiga lánsviðskipti við erlenda aðila teljist hindrun á frjálsu flæði fjármagns og almennt þurfi ekki að sýna fram á að tiltekin hindrun hafi merkjanleg áhrif. Nægjanlegt sé að sýna fram á að hún geti hugsanlega haft slík áhrif. Stefndi vísar m.a. til þeirra sjónarmiða sem fram komi í dómafordæmum Evrópudómstólsins og sérstaklega til dómsins í máli nr. C-222/97 Trummer and Mayer, en einnig vísar stefndi til viðauka og skýringa við tilskipun 88/361/EEB.

Stefndi heldur því jafnframt fram að bann við gengistryggingu lánssamninga, sbr. 13. og 14. gr. vaxtalaga nr. 38/2001, feli í sér hindrun á frjálsri þjónustustarfsemi samkvæmt 36. gr. EES-samningsins. Augljóst sé að gengistryggingarbannið feli í sér höft eða takmörkun í skilningi 36. gr. EES-samningsins. Bannið geri fjármálafyrirtæki eins og stefnda erfiðara fyrir en ella að stunda fjármálastarfsemi, þ.m.t. útlánastarfsemi, hvort sem er hér á landi eða á Evrópska efnahagssvæðinu. Þá hafi bannið þau áhrif að letja stefnda til að leita eftir þjónustu sem felist í því að fjármagna rekstur sinn í erlendum gjaldmiðlum, enda sé lánastarfsemi stefnda sjálfs háð þeim takmörkunum að ekki sé hægt að tryggja raunvirði útlána með tengingu við erlenda gjaldmiðla. Bannið virki því þannig að það feli bæði í sér hindrun fyrir fjármálastofnanir við að veita útlánþjónustu auk þess að hindra fjármálastofnanir í að þiggja fjármögnunarbjónustu aðila á Evrópska efnahagssvæðinu.

Stefndi gerir kröfu um að aflað verði álits EFTA-dómstólsins til að réttur og nákvæmur skilningur fái á hinum tilgreindu ákvæðum EES-samningsins.

Stefndi gerir eftirfarandi tillögu að spurningum til dómstólsins:

Verður samningur milli fjármálafyrirtækis og viðskiptamanns um afnot af tiltekinni eign í afmarkaðan tíma gegn fyrir fram ákveðnum greiðslum viðskiptamannsins til fjármálafyrirtækisins ekki talinn fela í sér fjármögnunarleigu í merkingu þess hugtaks í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 1725/2003, tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2006/48/EB og tilskipunar ráðsins nr. 88/361/EEB eingöngu af þeirri ástæðu að viðskiptamaðurinn hefur í lok leigutíma val um það hvort hann kaupir hið leigða, leigi það áfram eða afli skuldbindandi tilboðs þriðja aðila um kaup á hinu leigða?

Telst það andstætt 40. gr. EES-samningsins og tilskipun nr. 88/361/EEB að banna íslenskum fjármálafyrirtækjum að tryggja lán sem veitt eru í íslenskum krónum við gengi gjaldmiðla annarra EES-ríkja eins og gert er með lögum nr. 38/2001; einkum 13. og 14.

Telst það andstætt 36. gr. EES-samningsins að banna íslenskum fjármálafyrirtækjum að tryggja lán sem veitt eru í íslenskum krónum við gegni erlendra gjaldmiðla eins og gert er með lögum nr. 38/2001; einkum 13. og 14. gr.

Leiðir það af bókun 35 við EES samninginn að dómstólum í EFTA-ríkjum sem eru aðilar að EES-samningnum beri að veita ákvæði í landsrétti sem innleiðir ákvæði 36. og eða 40. gr. EES-samningsins um frjálsa þjónustustarfsemi og fjármagnsflutninga forgang gagnvart öðru lagaákvæði er árekstur er milli þessara ákvæða.

Stefndi telur fulla þörf á að afla álits um skýringu bókunar 35 við EES-samninginn enda sé skýring þessa mikilvæga ákvæðis nokkuð á reiki. Bókun 35 hljóði svo: „Vegna tilvika þar sem getur komið til áreksra á milli EES-reglna sem komnar eru til framkvæmdar og annarra settra laga, skuldbinda EFTA-ríkin sig til að setja, ef þörf krefur, lagaákvæði þess efnis að EES-reglur gildi í þeim tilvikum.“ Ef EFTA-dómstóllinn fellst á það að gengistryggingarbann íslenskra laga fari í bága við ákvæði 36. og/eða 40. gr. EES-samningsins kemur upp sú staða að túlka þarf hvort hafi forgang, ákvæði vaxtalaganna sem leggja bann við gengistryggingu eða hin tilgreindu ákvæði meginmáls EES-samningsins sem bæði hafa lagagildi sbr. lög nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið. Því er um að ræða EES-reglur „sem komnar eru til framkvæmdar“ í skilningi bókunar 35. Það ákvæði íslenskra laga sem ætlað var að innleiða efni bókunar 35 er hinsvegar óljóst og hugsanlega alls ekki nægilega skýrt orðað til að uppfylla þær efnisreglur sem íslenska ríkin er ætlað að innleiða með bókun 35 en ákvæðið er að finna í 3. gr. laga nr. 2/1993 og hljóðar svo: „Skýra skal lög og reglur, að svo miklu leyti sem við á, til samræmis við EES-samninginn og þær reglur sem á honum byggja.“

Stefndi heldur því fram að skýra beri bókun 35 þannig að ef ofangreindum réttarheimildum lýstur saman, þá hafi íslenska ríkið undirgengist þá skuldbindingu á grundvelli bókunar 35 við EES-samninginn að veita forgang fram yfir önnur ákvæði íslenskra laga þeim EES-reglum „sem komnar eru til framkvæmdar“ eins og 36. og 40. gr. EES-samningsins sem komu til framkvæmda í skilningi þess orðalags í bókun 35 með gildistöku laga nr. 2/1993. Til að taka af öll tvímæli um þennan óskýrleika telur stefndi nauðsynlegt að fá álit EFTA-dómstólsins um þetta atriði.

Varakröfu sína, um lækun dómkröfu stefnanda, byggir stefndi á því að aðferð stefnanda við útreikning á stefnukröfunni sé rangur.

Komist héraðsdómur að þeirri niðurstöðu að gengistryggingarákvæði umþrættis samnings sé óheimilt, mótmælir stefndi því að samningurinn og málsatvik önnur, sem um hafi verið deilt í tilvitnuðum dómi Hæstaréttar í máli nr. 600/2011, séu sambærileg þeim sem um ræði í þessu máli. Sá dómur fjalli um húsnæðislán sem sé til mun lengri tíma en í máli þessu. Í öðru lagi sé höfuðstólsfjárhæð lánsins sem um ræði í dóminum verulega hærra en fjárhæð samningsins í þessu máli. Í þriðja

lagi hafi skuldarar að láninu sem dómur Hæstaréttar fjalli um verið einstaklingar en ekki lögaðilar og aðstöðumunur samningsaðila ekki sambærilegur. Í fjórða lagi sé í þessu máli ekki um að ræða sambærilega röskun á fjárhagslegum hagsmunum skuldara og um hafi verið að ræða í dómi Hæstaréttar. Í fimmta lagi hafi reikningar þeir sem gefnir hafi verið út til stefnanda ekki verið sambærilegir þeim fullnaðarkvittunum sem fjallað sé um í dómi Hæstaréttar, og verði m.a. ekki ráðið af þeim að stefnandi hafi greitt tiltekna fjárhæð í vexti eða afborganir. Í sjötta lagi byggir stefnandi ekki á því að miða beri við raunverulega greidda vexti, samkvæmt útgefnum og greiddum reikningum, heldur áætlaða umsamda vexti samkvæmt upphaflegum samningi. Stefndi telji því engar forsendur vera fyrir því að undantekningin um fullnaðarkvittun eigi við í þessu máli. Að þessu virtu og fari svo að héraðsdómur komist að þeirri niðurstöðu að gengistrygging umþrættis samnings sé óheimil telur stefndi að endurreikna beri eftirstöðvar samningsins og miða þar við vexti samkvæmt 4. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá stofndeggi sem skulu á hverjum tíma vera jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveði með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánunum hjá lánastofnunum og birtir séu samkvæmt 10. gr. laganna. Stefndi leggur fram útreikning á eftirstöðvum samningsins miðað við þessar forsendur. Eins og þar komi fram nemi hin endurreiknaða fjárhæð 534.221 krónum miðað við 1. nóvember 2011 og miðist varakrafa stefnda um lækkingu á stefnu fjárhæð við þá fjárhæð., sem nemi framreiknuð miðað við 26. júní 2012 574.846 krónum, eins og fram komi. Stefndi mótmælir sérstaklega vaxtakröfu stefnanda og byggir á því að ekki séu forsendur til að dæma neina vexti frá fyrra tímamarki en dómsuppsögu.

Um lagarök vísar stefndi til laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið, meginmáls samningsins einkum 36. og 40. gr. auk þeirra viðauka samningsins þar sem er að finna reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 1725/2003, tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins nr. 2006/48/EB og tilskipun ráðsins nr. 88/361/EBE og bókunar 35 við samninginn. Þá er vísað til reglugerðar nr. 180/2006 um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

Kröfu um málskostnað byggir stefndi á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

## V

Ágreiningur aðila er til kominn vegna samnings, dagsetts 11. júlí 2006, sem SP-fjármögnun, sem síðar sameinaðist Landsbankanum hf., gerði við stefnanda vegna dráttarvélar af tegundinni Landini Legend dt130. Umrætt tæki keypti stefndi af fyrirtækinu Sturlaugi & Co og var kaupverð ákveðið kr. 2.700.000 án virðisaukaskatts.

Samningur aðila er tvískiptur. Annars vegar er um að ræða sérstök samningsákvæði þar sem samningsandlagið, leigutími, notkunarstaður, leigugjald, gjalddagar, greiðslustaður, váttryggingar og ábyrgðarmenn eru sérstaklega tilgreindir. Hins vegar er um að ræða almenna samningsskilmála SP-fjármögnunar, sem vísað er til í sérstöku samningsákvæðunum, og eru þeim til fyllingar.

Kröfu sína byggir stefnandi á því, að óheimilt hafi verið að gengistryggja samning aðila, þar sem um væri að ræða lánsamning. Af þeim sökum bæri stefnda að endurgreiða stefnanda þá fjárhæð, sem hann hafi ofgreitt.

Eins og rakið hefur verið byggir stefndi sýknukröfu sína í máli þessu, m.a. á því að umræddur samningur aðila hafi verið leigusamningur, en ekki lánsamningur og hafi honum því verið heimilt að gengistryggja samning aðila, þar sem leigusamningur falli ekki undir ákvæði VI. kafla laga nr. 38/2001, sem banni gengistryggingu lánsamninga. Vísar stefnandi til dóma Hæstaréttar Íslands, þar sem leyst hafi verið úr ágreiningi um hvort samningur teldist leigusamningur eða lánsamningur, og hvaða atriði samnings ráði því hvort samningur teldist leigusamningur eða lánsamningur. Byggir stefndi á því, að ákvæði 13. og 14. gr., sem banni gengistryggingu, taki, samkvæmt orðalagi sínu, einungis til spariðjar og lánsfjár í íslenskum krónum, en ekki til annars konar samninga eins og leigusamninga. Stefnda hafi því verið heimilt að gengistryggja samninginn. Telur stefndi að skýring á því hvað séu fjármögnunarleigusamningar tilheyri EES réttinum. Heldur stefndi því fram að samningur málsaðila sé fjármögnunarleigusamningur í skilningi alþjóðlegra reikningsskilastaðals IAS-staðals 17, sem tekinn hafi verið inn í XXII viðauka EES- samningsins. Því sé fullt tilefni til að leita ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins á því hvort samningur aðila teljist fjármögnunarleigusamningur í skilningi reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 1725/2003, tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB og tilskipunar ráðsins nr. 88/361/EBE.

Þá telur stefndi, að túlkun Hæstaréttar Íslands á ákvæðum 13. og 14. gr. laga nr. 38/2001, um bann við gengistryggingu lána, stangist á við skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt EES-samningnum, sbr. lög nr. 2/1993. Bannið sé í andstöðu við 40. gr. EES-samningsins, um að engin höft skuli vera á milli samningsaðila á flutningi fjármagns í eigu þeirra sem búsettir séu í aðildarríkjum EB og EFTA. Jafnvel þótt lánveitingar í erlendum gjaldmiðlum séu ekki bannaðar á Íslandi séu líkur á að bann vaxtalaganna við gengistryggingu lána í íslenskum krónum feli í sér höft eða takmörkun á flæði fjármagns milli Íslands og annarra EES-ríkja. Stefndi heldur því einnig fram að bann við gengistryggingu lánsamninga, sbr. 13. og 14. gr. laga nr. 38/2001, feli í sér hindrun á frjálsri þjónustustarfsemi samkvæmt 36. gr. EES-samningsins. Því beri að leita ráðgefandi álits svo réttur og nákvæmur skilningur fái á hinum tilgreindu ákvæðum EES-samningsins.

Það er forsenda þess að leitað verði ráðgefandi álits hjá EFTA-dómstólunum, á grundvelli laga nr. 21/1994, að taka þurfi, við úrlausn dómsmáls, afstöðu til skýringar m.a. á viðaukum við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, að vafi leiki á um þá skýringu og á vafaatriðið reyni við úrlausn málsins. Stefndi vill að leitað verði álits EFTA-dómstólsins á því hvers eðlis

umþrættur samningur aðila sé, þ.e. hvort um sé að ræða fjármögnunarleigusamning í skilningi fyrrgreindra reglugerða og tilskipunar Evrópuþingsins og hvort 13. og 14. gr. laga nr. 38/2001 stangist á við skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt EES-samningnum.

Eins og að framan er lýst lýtur ágreiningur aðila fyrst og fremst að því um hvað var samið þeirra á milli, og hvort tilgreind ákvæði í íslenskum lögum eigi við um samning þeirra og þá eftir atvikum hvernig túlka beri dómafordæmi Hæstaréttar Íslands við úrlausn ágreiningsins. Með vísan til þess verður ekki talið að ágreiningur aðila lúti að skýringu á þeim gerðum sem stefndi vísar til eða að nauðsynlegt sé að afla álits EFTA-dómstólsins til þess að unnt sé að kveða upp dóm í málinu. Þá liggur fyrir af dómafordæmum Hæstaréttar, að ákvæði vaxtalaga nr. 38/2001, hafa ekki verið talin vera í andstöðu við ákvæði EES-samninginn. Í því ljósi verður ekki séð að það hafi þýðingu við úrlausn máls þessa að fá álit EFTA-dómstólsins, eins og stefndi hefur óskað eftir, áður en leyst verður úr ágreiningi málsins.

Samkvæmt framansögðu er því hafnað kröfu stefnda um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins.

Úrskurð þennan kvað upp Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari.

#### Ú R S K U R Ð A R O R Ð:

Kröfu stefnda um að leitað verði ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins er hafnað.



























